

**135. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
16. september 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2005237 - COVID 19 - aukið félagsstarf fullorðinna sumarið 2020

Félagsmálaráðuneytið veitti sveitarfélögum styrk til verkefna til að auka stuðning við félagsstarf fyrir aldraða og öryrkja í sumar. Akraneskaupstaður fékk styrk til að bjóða upp á fjölbreytt tómstundaverkefni og liggur lokaskýrsla þessa verkefnis fyrir.

Hildur Ingadóttir sjúkrabjálfari, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir íþróttakennari og Laufey Jónsdóttir forstöðumaður stuðnings- og stoðþjónustu mættu á fundinn og sátu hann undir þessum lið.

Kynnt voru þau verkefni og fjölbreytt tómstundatilboð sem voru í boði í sumar.

2. 2005060 - Jafnlaunavottun - úttekt

Á 1317. fundi bæjarstjórnar þann 8. september 2020 var Jafnlaunavottun úttekt, vísað til umsagnar í fagráðum, ungmannaráði og öldungaráði Akraness.

Steinar Adolfsson sviðsstjóri fjármálasviðs kemur inn á fundinn undir þessum lið. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar með athugasemdum. Steinar víkur af fundi.

3. 2009128 - Reglur Akraneskaupstaðar um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Í fjáraukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, var samþykkt 600 m.kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir.

Félagsmálaráðuneytinu hefur gefið út leiðbeiningar til að samræma úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum fyrir sveitarfélög. Styrkirnir eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Sveitarfélög setja sérstakar reglur um íþróttá- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrilliggjandi drög og vinnulag vegna úthlutunar á íþróttá- og tómstundastyrkjum fyrir börn á tekjulágum heimilum. Ráðið felur starfsmönnum sviðsins að útfæra framkvæmd verkefnisins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.

*Kristinn H. Sveinsson
Einar Brandsson
Anna Þóra Þorgilsdóttir*